

72 **Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Skaptafellssýslu um end-
18. júlí urgjald á veittum sveitarstyrk.**

Eptir að þjer, herra sýslumaður, hafð skotið til stjórnarráðsins ágreiningi milli yðar og sýslumannsins í Suðurmúlasýslu um kröfu Geithellnahrepps á hendur Dyrhólahreppi hinum forna, til endurgjalds á fátækrastryk veittum Einari nokkrum Jónssyni árin 1902 og 1903, er svolátandi úrskurður lagður á mál þetta:

Í september 1902 sneri Einar þessi, er þá lá veikur, sjer til hreppsnefndar Geithellnahrepps og bað um styrk til lífsframfæris sjer og fjölskyldu sinni. Var þá aðsjónargjörð framkvæmd hjá honum 3. okt. næst á eptir og þar sem hann að dómi aðsjónarmanna hafði engin efni til að framfleyta sjer eða fjölskyldu sinni, þá varð hreppsnefndin þegar að veita honum styrk og varð allur kostnaður, er hreppsnefnd Geithellnahrepps hafði af Einari og fjölskyldu hans frá 3. okt. 1902 til 1. júlí 1903, er hann var fluttur fátækraflutningi á sveit sína, kr. 555,51, eða rjettara sagt að frádregnum reikningsvillum í kostnaðarreikningnum kr. 552,31.

Af upphæð þessari hefir hreppsnefnd Dyrhólahrepps, þar sem Einar þessi er sveitlægur, samþykkt að greiða 391 kr. 6 au., en hefir neitað að greiða hin- ar eptirstandandi 161 kr. 25 au., en þetta eru þeir liðir, er nefndin neitar að borga:

1. Úttekt frá 3. okt. til 11. s. m. 1902	kr.	62 32
2. Lóðargjald eptir kofa Einars	—	12 00
3. Læknisvitjanir á tímabilinu þar til Einar þáði styrk	—	30 00
4. Prestsgjöld	—	6 12
5. Fátækrafiund	—	1 00
6. Þinggjald	—	0 33
7. Flutningsgjald	—	29 48
8. Af úttekt frá 13. júní til 29. s. m. 1903	—	20 00
		<hr/>
	kr.	161 25

1. Hvað þessum lið viðvikur er neitunin byggð á því, að aðsjónargjörðin hafi í raun og veru ekki farið fram fyrir en 16. okt. Þessa staðhæfing byggir nefndin á því einu, að vottorðið um aðsjónargjörðina er dags. 16. okt., en þetta atriði er þýðingarlaust, enda ekkert framkomið, sem bendi til að aðsjónargjörðin hafi ekki farið fram á tilteknum tíma, 3. okt. Mótmaeli hreppsnefndarinnar að því er þennan lið snertir verða því ekki tekin til greina.
2. Það Einar var ekki styrksþurfi framan af árinu, hafði hreppsnefnd Geithellnahrepps enga skyldu til að greiða landsdrottnei lóðargjald eptir kofa Einars fyrir fardagaárið 1902—1903. Þessa upphæð verður því Dyrhólahreppur ekki skyldaður til að greiða.
3. Sama gildir um þann hluta af reikningi læknisins, sem er fyrir læknishjálpi til Einars áður en hann leitaði til sveitarstjórnarinnar.
- 4.—6. Prestsgjöld, fátækrafiund og þinggjald var hreppsnefndinni óviðkomandi að greiða og verða þessi gjöld því að falla burtu.
7. Kostnað við flutning fjölskyldunnar, kr. 29,48, á að greiða sem fátækraflutn-

ingskostnað og verður því Dyrhólahreppur ekki skyldaður til að greiða þessa upphæð.

72
18. júlí

8. Þá vill Dyrhólahreppur fá eptirgefið af styrk þeim, er Einari var veittur á tímabilinu frá 13. júní til 29. júní, 20 kr., þaræð óþarflega mikið hafi verið eytt í fatnað handa þurfamanninum og fjölskyldu hans, en þessi mótmæli virðast eptir atvikum ástæðulaus.

Samkvæmt framansögðu á að draga frá reikningsupphæðinni 12,00 + 30,00 + 6,12 + 1,00 + 0,33 + 29,48 = kr. 78,93, en eptirstöðvarnar 473 kr. 38 au. ber Dyrhólahreppi að greiða.

Það skal loks tekið fram, að eptir upplýsingum þeim, sem liggja fyrir í málinu, er ekkert að athuga við aðsjónargjörð þá, er gjörð var hjá Einari áður en styrkurinn var veittur í fyrstu og oddviti Geithellnahrepps hefir einnig gjört nægilega grein fyrir því, hvers vegna Einar var eigi fluttur á sveit sína fyr en gjört var.

Jafnframt því að gefa yður þetta til vitundar til frekari birtingar fyrir hreppsnefnd Dyrhólahrepps hins forna, felur stjórnarráðið yður að sjá um, að tjeð hreppsnefnd greiði Geithellnahreppi án dráttar þann hluta hinnar úrskurðuðu upphæðar, sem enn er ógreiddur.

Brjef stjórnarráðsins til biskups um embættislán handa Kálfatjarnarprestakalli.

73
27. júlí

Samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í brjefi, dagsettu 19. þ. m., og beiðni hlutaðeiganda, veitir stjórnarráðið samþykki sitt til þess að presturinn að Kálfatjörn, sira Árni Þorsteinsson, taki uppá prestakallið 300 kr. embættislán til þess að endurreisa og bæta heyllöðu á prestssetrinu á þann hátt, er gjört er ráð fyrir í erindi hans, sem fylgdi brjefi yðar. Samþykki þetta er þó þeim skilyrðum bundið, að lánið, sem eigi fæst úr landssjóði, verði fengið með sem vægustum vaxtakjörum, og að það verði endurborgað á næstu 10 árum, auk vaxta, með 15 kr. árlegri afborgun 5 fyrstu árin, meðan lán, sem nú hvílir á prestakallinu er eigi að fullu borgað, en síðan með 45 kr. árlegri afborgun, unz því er lokið.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um skilning á orðunum „fast aðsetur“ í lögum 9. ágúst 1889.

74
17. ágúst

Með brjefi, dags. 6. f. m., hafið þjer, herra sýslumaður, samkvæmt til-mælum hreppsnefndarinnar í Hvítársíðuhreppi, leitað álits stjórnarráðsins um það, hvort nefndinni hafi verið heimilt samkvæmt lögum að leggja aukaútsvar á Jón Ólafsson smið frá Kaðalstöðum í Stafholtstungnahreppi síðastliðið haust, en af